

# Reglugerð um Skíðamót Íslands

1. Skíðamót Íslands skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn um það til stjórnar SKÍ eigi síðar en mánuði fyrir Skíðaping. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins og aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Skíðamót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Mótshaldari skal þá þegar skipa mótstjóra sem kynnir undirbúning, dagsetningu og dagskrá á næsta Skíðapingi.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið samkvæmt móta- og keppnisreglum ÍSÍ.
4. Stjórn SKÍ tilnefnir tvo eftirlitsmenn með mótinu, í alpagreinum og í skíðagöngu. Dómnefndir eru í viðkomandi greinum og eru þannig skipaðar: Eftirlitsmaður SKÍ, leikstjóri eða fulltrúi mótshaldara og fulltrúi kosinn af fararstjórum.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarkspátttaka að vera a.m.k. 3 keppendur í viðkomandi keppnisgrein, eða 3 sveitir í boðgöngu. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru mótagjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.
7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

## Alpagreinar

|                      | Karlar og konur | Karlar og konur | Karlar og konur |
|----------------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| <b>Svig</b>          | 16-17 ára       | 18-20 ára       | 16 ára og eldri |
| <b>Stórsvig</b>      | 16-17 ára       | 18-20 ára       | 16 ára og eldri |
| <b>Alpatvíkeppni</b> | 16-17 ára       | 18-20 ára       | 16 ára og eldri |
| <b>Samhliðasvig</b>  |                 |                 | 16 ára og eldri |

## Skíðaganga

### Konur

| Vegalengd  | 17-18 ára | 19-20 ára | 17 ára og eldri |
|------------|-----------|-----------|-----------------|
| 5 km       | Ganga H-F | Ganga H-F | Ganga H-F       |
| 10 km      | Ganga H-F | Ganga H-F | Ganga H-F       |
| 3x1-1,5 km |           |           | Liðasprettur    |
| 500-1500 m |           |           | Sprettganga     |
|            | Tvíkeppni | Tvíkeppni |                 |

### Karlar

| Vegalengd  | 17-18 ára | 19-20 ára | 17 ára og eldri |
|------------|-----------|-----------|-----------------|
| 10 km      | Ganga H-F | Ganga H-F | Ganga H-F       |
| 15 km      | Ganga H-F | Ganga H-F | Ganga H-F       |
| 3x1-1,5 km |           |           | Liðasprettur    |
| 500-1500 m |           |           | Sprettganga     |
|            | Tvíkeppni | Tvíkeppni |                 |

Keppa skal til skiptis í skíðagöngu með hefðbundinni og frjálstri aðferð

|      | 5 km kvk<br>10 km kk | 10 km kvk<br>15 km kk | Sprettganga | Liðasprettur |
|------|----------------------|-----------------------|-------------|--------------|
| 2017 | Frjálst              | Hefðbundin            | Hefðbundin  | Frjálst      |
| 2018 | Hefðbundin           | Frjálst               | Frjálst     | Hefðbundin   |
| 2019 | Frjálst              | Hefðbundin            | Hefðbundin  | Frjálst      |

Önnur gangan á Skíðamóti Íslands verði ræst út með hópstarti.

- Þegar rásröð er ákveðin í alpagreinum og skíðagöngu skal skipta keppendum í ráshópa eftir reglum SKÍ um röðun í ráshópa. Hvert aðildarfélag sem tilkynnir þátttöku í Skíðamót Íslands skal um leið tilgreina nafn fulltrúa við röðun í rásröð.
- Að öðru leyti gilda reglur FIS.

Samþykkt á Skíðaþingi 13.maí 2017